

FUNDARGERÐ

128. stjórnarfundur KRAFT

128. stjórnarfundur KRAFT var haldinn í húsnæði ÍSÍ
10. júní 2021 kl. 17.00

Fundarmenn : Gry, Auðunn, Hinrik, Þórunn Brynja og Laufey
Fjarverandi : Aron Ingi og Lára
Fundarritari : Laufey.

1. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Samþykkt.

2. ÍM Í MOSFELLSBÆ

- Björn Margeirsson var skráður í öldungaflokk en ekki í opnum flokki. Lára mun útvega bikar til að afhenda Birni.
- Almenn ánægja var með mótið. Frágangur eftir mót gekk vel. Fátt sem fólk kvartaði yfir nema þá kraðak sem myndaðist fyrir aftan pallinn í upphitunaraðstöðunni.
- Gry sendi kveðju frá KRAFT til forsvarsmanna íþróttahússins.
- Ánægja var með streymið. Ásmundur sá um allt utanumhald.

3. STREYMI

Skoða hvort ekki sé best að KRAFT sjái um streymismál á mótum en ekki mótshaldari. Stjórn samþykkti að Aron Ingi og Auðunn muni hafa samband við Ásmund og athuga með kostnað við streymismál og í framhaldinu að gera samning við Ásmund.

4. RÚV / FJÖLMIÐLAR

Stjórn samþykkti að Lára sendi á RÚV fréttir þegar mót eru. Besta leiðin er að hringja í RÚV og fá upplýsingar um hver er á vaktinni og senda tölvupóst / skilaboð á viðkomandi.

5. ÍM Í KÓPAVOGI

Búið er að auglýsa mótið. Verður haldið í Sporthúsinu, í salnum sem RIG var haldið. Keppt verður í búnaði og klassískum.

6. UPPGJÖR VIÐ ASJ

Stöðuskýrsla er tilbúin og búið að senda á ASJ. Vinna við endurgreiðslu er í vinnslu hjá Aroni Inga.

7. LANDSLIÐSMÁL

- Skráningar eru hjá Auðunni og Láru. Þau sjá einnig um samninga og landsliðsbúninga. Fimm eru skráðir á EM í búnaði í ágúst.
- Gry mun sjá um að endurskoða þjálfarasamning í samráði við Þórunni Lilju í laganefnd.
- Landsliðsval seinni hluta árs (landslíðsnefnd) skal birta fyrir 1.júlí.
- Lára sendir á alla formenn til að fá viðbrögð frá þeim hvort einhverjir hafi bæst við listann til að taka fyrir hjá landsliðsnefndinni.
- Fundur um NM unglinga verður 24. júní sem Gry mætir á. Ákvörðun um mót verður tekið á fundinum. Ísland hefur staðfest þáttöku.

8. ÞJÓÐARLEIKVANGUR

Laufey gerði stutta samantekt um kröfur sem KRAFT gerir til íþróttamannvirkja til að geta verið þjóðarleikvangur kraftlyftinga. Gry og Hinrik áttu fund með bæjarstjóra Garðabæjar með plaggið undir hönd. Fundurinn gekk vel en Gbæ vill að ríkið komið með fjármagn / stofnkostnað. Hinrik mun kanna að fá upplýsingar um kostnað á nýju íþróttamannvirki sem er að rísa í Vetrarmýri ni í Garðabæ. Spurning um að fá Lyftingasambandið með í lið, einn þjóðarleikvangur fyrir tvö sérsambönd. Stjórn samþykkti að kanna þann möguleika. Hinrik ætlar að heyra hljóðið í kraftlyftingadeild Stjórnunnar og kíkja á æfingu þar við tækifæri. Stjórn samþykkt að setja samantektina á vefsíðu KRAFT.

9. RIG 2022

- Uppgjörsfundur var um daginn. Þar kynnti ÍBR dagskrá næsta árs.
- Á planinu er að setja meiri pening í kynninga- og fjölmiðlamál. Ingólfur Hannesson fv. fjölmiðla- og íþróttablaðamaður er komið með það hlutverk.
- KRAFT þarf að staðfest þáttöku fyrir 1.júlí.
- Þáttökugjald hefur verið hækkað úr 50.000 kr. í 110.000 kr.
- Verið er að gera breytingar á handbók mótsins. Gry óskaði eftir því bætt yrði við inn í hana að Lyfjaeftirlitið skuli hafa eftirlit með RIG.
- Aðalkostnaður KRAFT hefur verið að skaffa dómara.
- Gry mun senda tillögu á stjórn um reglugerð um RIG.

10. SAMSTARF VIÐ ÍF

- Þórunn Brynja og María Guðst. munu gera tillögu að formlegum samningi við ÍF.
- Það er á stefnuskrá KRAFT að fá sem flesta að íþróttinni og samningur við ÍF væri hluti af því.
- KRAFT gæti hjálpað með faglega þjálfun en ÍF er með góða aðstöðu.
- Einstaklingar innan ÍF eru að æfa hjá öðrum félögum.
- KRAFT hefur oft hjálpað við mót.
- ÍF vantar gagnaskráningu og skráningu á Íslandsmetum.
- Fyrsta keyrsla yrði á Bikarmótinu í ár.

11. ÞJÁLFARANÁMSKEIÐ

Gry mun finna dagsetningar á þjálfaranámskeiðinu og auglýsa.

12. DÓMARANÁMSKEIÐ

Laufey skoðar með dómara nefnd dagsetningar og auglýsir. Stefnt er á að hafa það í haust. Spurning um að halda lítið mót með aðstöðu hjá einu félaginu.

13. ÍM BEKKPRESSA

28. ágúst verður ÍM í bekk haldið í Garðabænum. Ekki er keppt í aldursflokkum.

14. ÖNNUR MÁL

- Lára mun taka þátt í stjórnendanámskeiði ÍSÍ.
- Vinna við endurskoðun á afreksstefnu er hafin (Gry). Hana á að ræða á formannafundi í haust og taka svo fyrir á Kraftlyftingahósti 2022.
- Lára mun verða á skrifstofunni á þriðjudögum í sumar.
- ÍSÍ er að kanna hvort hægt sé að láta KRAFT fá stærri skrifstofu eða útvega KRAFT geymslu.
- Athuga með ný dómara ljós. Kanna hvort Róbert Kjarran geti skoðað þessi mál.
- Gera samning við Róbert Kjarran um vinnu við tækni mál. Gry heyrir í honum. Þarf að ganga frá þessu fyrir haustið.
- Landsliðsnefnd kanni tölur hjá þeim sem eru nálægt lágmörkum.
- Kristín Þórhallsdóttir er ekki að fá styrk frá ASJ en hún hefur vegna COVID ekki fengið tækifæri til að keppa á erlendri grund. Gry mun kynna Kristínu fyrir ASJ og athuga hvernig hægt sé að aðstoða hana eins og hina afreksíþróttamenn okkar með einhverjum hætti.

15. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

16. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.19.00.